



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014, þingskjal 682. - 440. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014.

MRSÍ fagnar þessari framkvæmdaáætlun sem er til þess fallin að bæta réttarstöðu og lífsgæði fatlaðs fólks á Íslandi. Sérstaklega skal vísað í áform um bætt aðgengi og algilda hönnun, enda t.d. löngu tímabært að menntastofnanir setji sér viðmið þar að lútandi. MRSÍ hvetur stjórvöld til að tryggja nægilegt fjármagn til að þessi áform verði að veruleika. MRSÍ fagnar jafnframt fyrirhuguðum aðgerðum til að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks í samræmi við 27. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi fatlaðs fólks, en hingað til hefur einungis takmarkaður fjöldi þess átt möguleika á atvinnu. Sú vinna sem nú er unnin við að koma á fót notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) stuðlar að bættum lífsgæðum fatlaðs fólks og þær breytingar sem miða að því að virða óskir og val þess um eigin hagi eru til þess fallnar að auka sjálfstæði þess og frelsi. Enn fremur telur MRSÍ þær aðgerðir sem miða að því að bjóða heildræna þjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra vera afar jákvæðar og taka mið af ákvæðum Barnasáttmála Sp og samningi Sp um réttindi fatlaðs fólks. Jafnframt fagnar MRSÍ áformum um að bæta geðheilbrigðisþjónustu við fatlaða, en aðgengi fatlaðs fólks að sálfræðingum hefur oft verið háð efnahag og hafa því færri en þurfa leitað sér aðstoðar.

Í 5. gr. samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um jafnrétti og lagt bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki. Þar að auki er bann við mismunun útlistuð sem meginregla í b. lið 3. gr. samningsins, og því lögð rík áhersla á að tryggja jafnræði gagnvart fötluðu fólki. Í framkvæmdaáætluninni er m.a. fjallað um hvernig tryggja skuli að jafnræði nái fram að ganga og hvernig sporna skuli við mismunun með því að auka skilning almennings á málefnum og aðstæðum fatlaðs fólks. Hins vegar er í því samhengi ekkert fjallað um nógildandi íslensk lög sem snerta jafnrétti. Ber þar helst að nefna 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 auk almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en kveða mætti skýrlega á um bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki í þeim réttarheimildum. Í því samhengi bendir MRSÍ á að unnið er að því hjá stjórnvöldum að innleiða í íslensk lög tvær tilskipanir Evrópusambandsins sem leggja bann við mismunun (2000/43/EB og 2000/78/EB). Síðari tilskipunin fjallar um jafnrétti á vinnumarkaði og gerir ítarlega grein fyrir réttindum fatlaðs fólks þar að lútandi. MRSÍ fagnar þeirri vinnu og telur æskilegt að henni verði lokið sem fyrst svo unnt sé að tryggja fullt lagalegt jafnræði í atvinnumálum fatlaðs fólks í íslenskri löggjöf.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í 6. gr. sáttmálans er fjallað um réttindi fatlaðra kvenna og þeim veitt sérstök vernd. Fatlaðar konur geta búið við fjölbætta mismunun og er því mikilvægt að tryggja mannréttindi þeirra og vernda þær gegn ofbeldi og mismunun. MRSÍ telur að í framkvæmdaáætluninni skorti umfjöllun um þær aðgerðir sem stjórnvöld hyggjast grípa til svo að mannréttindi þessa jaðarhóps verði tryggð.

Að lokum telur MRSÍ þörf á að áréttta mikilvægi 33. gr. samningsins, en samkvæmt ákvæðinu bera aðildarríkin skyldu til að koma á sérstöku kerfi til að greiða fyrir, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Í 2. mgr. 33. gr. kemur fram að við uppsetningu slíks kerfis skuli fara eftir meginreglum sem gilda um innlendar mannréttindastofnanir, t.a.m. um sjálfstæði. Í Evrópu eru það m.a. svokallaðar NHRI's (National Human Rights Institutions) eða þjóðbundnar mannréttindastofnanir sem gegna því hlutverki sem mælt er fyrir um í 33. gr. samningsins. Þær eru sjálfstæðar og starfa samkvæmt Parísarreglum Sp um mannréttindastofnanir. Slíkri stofnun er hins vegar ekki til að dreifa hér á landi, en MRSÍ er kunnugt um að stjórnvöld hafa til skoðunar hvort koma eigi slíkri stofnun á fót.

Framkvæmdaáætlunin sem hér er til umsagnar er liður í því ferli að fullgilda samning Sp um réttindi fatlaðs fólks og tryggja ákvæði hans í íslensk lög á næsta ári, sbr. f. lið áætlunarinnar. Eigi áform stjórnvalda um fullgildingu að ganga eftir verða skilyrði 33. gr. samningsins að vera uppfyllt, en samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum Sp um inntak og innleiðingu 33. gr. er það frumskilyrði fyrir fullgildingu samningsins alls að stjórnvöld uppfylli þær skyldur sem lagðar eru á herðar þeim samkvæmt því ákvæði með einum eða öðrum hætti.¹

Til að tryggja rétta og góða framkvæmd samningsins um réttindi fatlaðs fólks hér á landi í framhaldi fullgildingar hans starfar nú á vegum velferðarráðuneytis starfshópur sem ætlað er að endurskoða fyrirkomulag réttargæslu fyrir fatlað fólk. Er stefnt að því að hópurinn leggi fram tillögur sínar á vordögum. Fulltrúi MRSÍ á sæti í starfshópi þessum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ UN Human Rights Office of the High Commissioner Europe Regional Office, *Study on the Implementation of Article 33 of the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities in Europe*, bls. 10. Efni aðgengilegt á vefslóð: http://europe.ohchr.org/Documents/Publications/Art_33_CRPD_study.pdf